

**Nd.**

### **65. Frumvarp**

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að stofna sjerstaka, íslenska peningasláttu.

Flutningsmaður: Bjarni Jónsson frá Vogu.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja á stofn sjerstaka, íslenska peningasláttu og verja til þess fje úr ríkissjóði, svo sem þörf er á, eða taka lán í því skyni.

2. gr.

Noti ríkisstjórnin heimild þá, er um ræðir í 1. gr., setur hún með reglugerð eða reglugerðum öll nauðsynleg fyrirmæli, er að þessu lúta.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

### **Greinargerð.**

Um gengi myntar mun mestu ráða hlutfallið milli aðfluttrar og útfluttrar vöru. En þessu er ekki til að dreifa hjá oss, vegna þess að vjer notum enn danska mynt, en gengi hennar í þeim löndum, er vjer eigum mest skifti við, er lágt, eins og kunnugt er. Verslunarjöfnuður hins íslenska ríkis virðist, samkvæmt reynslu undanfarinna ára, vera mjög hagkvæmur, en hins vegar er alt öðru máli að gegna um Danmörku. Þar eru hlutföllin alt önnur í þessu efni en hjer og

landinu óhagstæðari. Er engu sýnna en að gengi hinnar dönsku myntar muni enn lækka að miklum mun, og það svo, að oss mun geta af staðið ~~hina~~ mesti fjárhagsvoði. Á þessum byltinga- og breytingatímum er eigi fyrir það að synja, að sá voði geti á skömmum tíma að oss stöðjað, og því virðist brýn nauðsyn bera til, að ríkisstjórninni sje veitt heimild sú, er frv. þetta fer fram á. En til þess er að sjálfsgöðu ætlast, að stjórnin rannsaki hið allra bráðasta allt, er að þessu máli lýtur. Vilji stjórnin neyta heimildarinnar, leiðir það og af sjálfu sjer, að hún lætur áður fram fara samninga þá við Noreg og Svíþjóð, sem 9. gr. dansk-íslenskra sambandslaga gerir ráð fyrir.